

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt nr. 37 23. febrúar 1948, um lokunartíma
sölubúða í Sandgerði í Gullbringusýslu.

2. grein orðist þannig:

Allt árið skal sölubúðum í Sandgerði lokað ekki síðar en kl. 6 að kvöldi og ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 að morgni næsta dag. Þó skal á tímabilinu 1. júní til 30. september sölubúðum lokað á laugardögum ekki síðar en kl. 12 á hádegi, og frá 1. október til 31. desember ekki síðar en kl. 4 eftir hádegi, og á þessu tímabili ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 að morgni næsta virkan dag. Síðasta virkan dag fyrir jól skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 12 á miðnætti.

Samþykktarbreyting þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Miðneshrepps, samkv. lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1950 að telja, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1949.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.

REGLUGERÐ

um fluglið.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, og lögum nr. 65 31. maí 1947, um viðauka við og breytingar á lögum nr. 24 12. febr. 1946, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, og í sambandi við gildandi fyrir-
mæli alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO), sbr. auglýsingu nr. 45 2. apríl 1947 (Stj.tíð. A. 1947), um staðfestingu flugsamninga.

2. gr.

Reglugerð þessi nær til allra flugliða, en það eru þeir, sem starfa að stjórn og leiðbeiningu loftfara, viðgerðum þeirra, viðhaldi og eftirliti, og hér eru taldir:

1. *Flugmenn*, þ. e. flugliðar, sem stjórna loftförum:
 - a. Flugnemar, þ. e. þeir, sem réttindi hafa til að stjórna loftförum í skólaflugi, einliðaðir, til undirbúnings undir einkaflugmannspróf.
 - b. Einkaflugmenn, þ. e. þeir, sem réttindi hafa til að stjórna flugvélum með farþega og flutning, þó ekki í atvinnuskyni.
 - c. Atvinnuflugmenn, þ. e. þeir, sem réttindi hafa til að stjórna flugvélum, að ákveðinni þyngd, með farþega og flutning í atvinnuskyni, þó ekki í reglubundnu atvinnuflugi.
 - d. Atvinnuflugmenn, með meira prófi, þ. e. atvinnuflugmenn með viðtækari réttindi en í c-lið greinir, að því er þyngd flugvéla snertir.
 - e. Flugstjórar, þ. e. flugliðar, sem réttindi hafa til að stjórna flugvélum með farþega og flutning í reglubundnu atvinnuflugi.